

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Kostnaður sóknaraðilja af rekstri máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum sóknaraðilja, dánarbús Einars Guðnasonar og Önnu Bjarnadóttur, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Kostnaður sóknaraðilja af rekstri máls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytningslaun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 40.000.

Mánudaginn 8. maí 1978.

**Nr. 225/1976. Tryggvi Hannesson persónulega
og f. h. Byggingavöruverslunar
Tryggva Hannessonar**

(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

**Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni
f. h. Joh. Pengg**

(sjálfur).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. nóvember 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. s. m. Krefst hann sýknu að svo stöddu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að

greiða sér 89.483 austurríska schillinga (skammstafað a. sch. hér á eftir) með 1.5% vöxtum af 104.050 a. sch. fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. júní 1974 til 15. júlí 1974, en með 2% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 26. apríl 1976, af a. sch. 101.969 frá þeim degi til 14. júní 1976, af 95.726 a. sch. frá þeim degi til 14. mars 1977, af a. sch. 93.645 frá þeim degi til 24. nóvember 1977 og af 89.483 a. sch. frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann staðfestingar héraðsdóms um málskostnað, og enn fremur krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Áfrýjandi hefur innt af hendi til stefnda upp í upphaflega stefnukröfu eftirfarandi greiðslur:

1. Hinn 26. apríl 1976	a. sch. 2.081
2. Hinn 14. júní 1976	a. sch. 6.243
3. Hinn 14. mars 1977	a. sch. 2.081
4. Hinn 24. nóvember 1977	a. sch. 4.162

Alls a. sch. 14.567

Hefur stefndi lækkað höfuðstól kröfu sinnar sem þessari fjárhæð nemur, eða í a. sch. 89.483, sem er krafa hans hér fyrir dómi.

Áfrýjandi, sem eigi sótti þing í héraði, hefur eigi fært fram nein haldbær rök, er hnekki kröfu stefnda. Ber að dæma hann til að greiða stefnda stefnufjárhæðina, a. sch. 89.483 ásamt 9% ársvöxtum af a. sch. 104.050 frá 1. júlí 1974 til 15. júlí s. á., 13% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 26. apríl 1976, af a. sch. 101.969 frá þeim degi til 14. júní 1976, af a. sch. 95.726 frá þeim degi til 14. mars 1977, af a. sch. 93.645 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 24. nóvember s. á., en af a. sch. 89.483 frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 250.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Tryggvi Hannesson persónulega og f. h. Byggingavöruverslunar Tryggva Hannessonar, greiði stefnda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Joh. Pengg, austurríska schillinga 89.483 ásamt 9% ársvöxtum af a. sch. 104.050 frá 1. júlí 1974 til 15. júlí s. á., 13% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 26. apríl 1976, af a. sch. 101.969 frá þeim degi til 14. júní 1976, af a. sch. 95.726 frá þeim degi til 14. mars 1977, af a. sch. 93.645 frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 24. nóvember 1977, en af a. sch. 89.483 frá þeim degi til 21. febrúar 1978 og 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Akvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 250.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 23. júní 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. þ. m., hefur Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Tjarnargötu 10 D, Reykjavík, höfðað f. h. austurríska firmans Joh. Pengg, Draht- und Walzwerke í Thörl, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 9. júní 1976, gegn Tryggva Hannessyni, Vallhólma 16, Kópavogi, persónulega og f. h. Byggingavöruverslunar Tryggva Hannessonar, Suðurlandsbraut 20, Reykjavík, til greiðslu vöruskuldar að fjárhæð austurrískir schillingar 104.050.00 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð að telja frá 1. júní 1974 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu skv. reikningi eða mati dómsins.

Stefnandi segir málavexti vera þá, að hinn 21. desember 1973 hafi stefndi gert pöntun á patent þaknögglum hjá hinu austur-

ríska firma og hafi andvirði vörunnar numið hinni umstefndu fjárhæð, austurrískum schillingum 104.050.00. Varan hafi verið send til Reykjavíkur með m/s Mánafossi 8. mars 1974 og hafi átt að greiðast í Landsbanka Íslands í Reykjavík með 3ja mánaða vixli gegn afhendingu dokumenta. Stefndi hafi aldrei samþykkt vixilinn og ekki leyst til sín dokumentin og hafi síðar orðið að samkomulagi í september 1974, að stefndi mætti koma vörunni í tollvöruheymslu í Reykjavík og taka hana þaðan eftir hendinni, að sjálfsögðu gegn greiðslu, en stefndi hafi síðan eigi leyst neitt af vörunni til sín og sé því óhjákvæmilegt að höfða mál þetta á hendur stefnda.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, er honum bó löglega stefnt. Verður því skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir ákveðast 1.5% vextir fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. júní 1974 til 15. júlí 1974, en 2% vextir fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 117.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir, Guðmundur Hjaltason og Ægir Ólafsson.

Dómsorð:

Stefndi, Tryggvi Hannesson, greiði persónulega og f. h. Byggingavöruverslunar Tryggva Hannessonar stefnanda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni, austurríska schillinga, 104.050.00 með 1.5% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. júní 1974 til 15. júlí 1974, en 2% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 117.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.